

AUGLÝSING

um flugferðir innanlands.

29

21. febr.

Með því að Loftleiðir h.f. hefur tilkynnt samgöngumálaráðuneytinu í bréfi, dags. 31. janúar s. l., að félagið muni ekki starfrækja að sinni áætlunarflug á neinum innlendum flugleiðum og telji sig ekki sérleyfishafa á þeim leiðum, sem taldar eru upp í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 29. f. m., hefur ráðuneytið í dag gefið Flugfélagi Íslands h.f. heimild fyrst um sinn til að halda uppi áætlunarflugferðum til eftirtaldrá staða:

1. Reykjavík—Sandur.
2. Reykjavík—Hólmavík.
3. Reykjavík—Ísafjörður.
4. Reykjavík—Vestfirðir (Vestfjarðaskaginn).
5. Vestfirðir — millifjarðaflug.
6. Reykjavík—Siglufjörður.
7. Reykjavík — Vestmannaeyjar (Hella).
8. Reykjavík—Blönduós—Sauðárkrókur.

Leiðirnar undir nr. 4 og 5 verða ekki starfræktar samkvæmt fastri áætlun, heldur eftir því, sem ástæður leyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

30

25. febr.

Stafliðirnir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 105 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.